



Reykjavíkurborg - Velferðarsvið  
Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8100 frn@frn.is  
stjornarradid.is

Reykjavík 29. júní 2021  
Tilv.: FRN21050145/06.30

Efni: Samræmd skilgreining á heimilisleysi og upplýsingar á landsvísu um fjölda heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir.

Félagsmálaráðuneytinu barst bréf frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar dags. 20. maí 2021 um að komið yrði á samræmdri skilgreiningu á heimilisleysi og að gerð yrði könnun á fjölda og þörfum fólks sem er heimilislaust með miklar og flóknar þjónustufarfir um allt land. Ráðuneytið þakkar velferðarsviði og velferðarráði fyrir frumkvæði og samstarfstilboð um verkefnið.

Félags- og jafnréttismálaráðherra (nú félags- og barnamálaráðherra) skipaði stýrihóp í lok árs 2018 um málefni heimilislausra með langvarandi stuðningsþarfir. Í stýrihópnum voru fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Stýrihópurinn skilaði skýrslu í desember 2019.

Tillögur stýrihópsins fólu m.a. í sér að komið yrði á markvissu og formlegu samráði um málefni heimilislausra á milli ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila þar sem fjallað verði um hvernig samvinnu og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði best háttáð til að sinna þjónustuþörfum markhópsins á sem heildstæðastan hátt. Jafnframt var lagt til að Ísland setti sér stefnu í málefnum heimilislausra með áherslu á Housing First (HF) hugmyndafræði. Setja þurfi á samstarfsnefnd ríkisins, sveitarfélaga og hagsmunaaðila til að vinna að markmiðum um húsnæði fyrir alla með áherslu á heimilislaust fólk. Hlutverk nefndarinnar væri að:

- Skilgreina markhóp, þörf, starfsaðferðir og uppbyggingaráætlun.
- Tryggja fjármagn fyrir húsnæði og þjónustu.
- Skipuleggja eftirlit framþróunar og árangurs.
- Skilgreina faglega og fjárhagslega árangursmælikvarða.

Enn sem komið er hefur ekki gefist svigrúm í félagsmálaráðuneytinu til að hefja vinnu við þessi verkefni en erindi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er gott innlegg inn í þá vinnu þegar hún hefst.

Virðingarfyllst

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir skrifstofustjóri